

Ed.

103. Frumvarp

til laga um virkjun Efra-Sogsins.

Flm.: Jón Þorláksson, Jakob Möller.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að virkja fallvatnið Efra-Sog, milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns, til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Reykjavíkur og að gera afspennistöð hjá Reykjavík, og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda í umdæmi rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna, að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Ríkisstjórnin lætur á árunum 1933 og 1934 gera þær umbætur á Þingvallaveginum, sem nauðsynlegar eru vegna Sogsvirkjunarinnar, og fullgera veg austan Þingvallavatns niður að Efra-Sogi. Til þessara umbóta leggur Reykjavíkurbær fram 140 þús. kr., og teljast þær með kostnaði við byggingu orkuversins og greiddast jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Með kostnaði við orkuverið má ennfremur telja kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra-Sogi, sem Reykjavíkurbær hefir keypt af eigendum Úlfljótsvatns. Þurfi vegna virkjunarinnar að gera brú á Efra-Sogið og veg frá henni vestan árinna, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.

4. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til framkvæmda samkvæmt 1.—3. gr., að upphæð allt að 7 milljónum króna, eða tilsvarendi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

5. gr.

Orkuverið, háspennulínan og afspennistöðin samkv. 1. gr. nefnist einu nafni Sogsvirkjunin. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

6. gr.

Sogsvirkjunin selur raforku til rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skyld er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverinu og við spennistöðvar á háspennulínunni frá Efra-Sogi til Reykjavíkur til almenningsnota í nærliggjandi héruðum við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna, miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923. Nú þykir nauðsynlegt, til þess að ákvæðum þessarar greinar verði fullnægt, að auka virkjunina frá því, er hún var í fyrstu gerð, og er Reykjavíkurbæ þá skyld að framkvæma aukninguna allt upp í það, að fallvatnið sé að hálfu fullvirkjað, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til þess, með sama skilyrði og segir í 4. gr. Skal aukningin framkvæmd þegar er fé til hennar er fyrir hendi, nema gildar ástæður, að dómi ráðherra, hamli.

7. gr.

Þegar auka þarf virkjunina fram yfir það, að fallvatnið sé virkjað til hálf, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við bæjarstjórn Reykjavíkur um aðra tilhögun. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði eigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaflsins móts við það vélafl, er fyrir var, og eigandi að helmingi þegar fallvatnið er fullvirkjað. Kaupverðið eða hluta þess má ríkisstjórnin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta þeirra skulda, er á fyrirtækinu hvila. Ef samkomulag um kaupverðið næst eigi, skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Á Reykjavíkurbær þaðan í frá rétt til þess, hvenær sem hann þarf, að fá sem svarar helmingi orkunnar úr fallvatninu fullvirkjuðu handa rafmagnsveitu Reykjavíkur. Með kostnaði við fyrstu aukningu samkvæmt þessari grein skal telja vatnsréttindi í Efra-Sogi fyrir landi Kaldárhöfða með sömu upphæð og áður nefnd vatnsréttindi fyrir landi Úlfljótvatns.

Nú hefir virkjuninni safnast varasjóður þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefir myndast af, frá rafmagnsveitu Reykjavíkur annarsvegar og notendum utan hennar hinsvegar.

Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ríkisstjórnin framselt til þess eða þeirra fyrirtækja, er þá hafa með höndum orkuveitu til almenningsþarfa um taugakerfi frá Efra-Sogi til héraða utan takmarks rafmagnsveitu Reykjavíkur.

8. gr.

Þegar ríkisstjórnin er orðin meðeigandi að Sogsvirkjuninni samkvæmt 7. gr., skal stjórn fyrirtækisins skipuð 5 mönnum: Tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, tveim, er tilnefndir verða af þeim aðilum utan rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem njóta orku frá Sogsvirkjuninni, og hinum fimm, er hæstiréttur tilnefnir. Skulu þeir allir skipaðir til þriggja ára. Eftir að 1 ár er liðið frá skipun

nefndarinnar, skulu árlega ganga úr nefndinni annaðhvort fulltrúar Reykjavíkur eða fulltrúar kosnir af utanhéraðsnotendum eða fulltrúi hæstaréttar. Skal varpað hlutkesti um, hverjir skulu fyrst ganga úr. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. að mestu samhljóða þessu hefir verið flutt á þrem undanförunum þingum, en ekki náð fram að ganga. Fylgdi því upphaflega eftirfarandi greinargerð frá millipinganefndinni í raforkumálum:

„Meðal annara viðfangsefna hefir raforkumálanefndin látið rannsaka, hvaða héruð mundu geta notið raforku frá Soginu, ef virkjun á því kæmist í framkvæmd. Þótt þeirri rannsókn sé ekki að fnllu lokið, þykir nú þegar sennilegt, að þessi héruð muni hafa aðstöðu til notkunar á raforku frá Sogi, auk Reykjavíkur:

Vestmannaeyjar, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringusýsla, Hafnarfjörður, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla.

Sakir þess, að sumstaðar á þessu svæði er töluvert fjölmenni saman komið í kaupúnum og sjóþorpum, virðist sem allmikið af orkuveitum út frá Sogi um héruð þessi muni geta borið sig fjárhagslega, jafnvel 300—400 km. samanlögð linulengd, og mundu 13—14 þús. manns utan Reykjavíkur geta notið raforku úr þeim taugum. Út frá þeim mætti svo smám saman stækka veituna og koma fleiri og fleiri notendum í samband við hana.

Út af þessu þótti raforkumálanefndinni nauðsynlegt að athuga nú þegar, á hvern hátt væri unnt að tryggja það, að íbúar nefndra héraða utan Reykjavíkur gætu þegar til kæmi átt kost á raforku úr Soginu í sambandi við virkjun þá á fallvatni þessu, sem Reykjavíkurbær er að undirbúa. Til þess að athuga þetta málefni sérstaklega voru á fundi raforkumálanefndar 14. jan. þ. á. kosnir í undirnefnd þeir Jón Þorláksson verkfr. og Sigurður Jónasson bæjarfulltrúi. Hafa þeir síðan rætt málið við þar til kjörna menn úr rafmagnsstjórn Reykjavíkur, og er frumvarp þetta árangurinn af því starfi.

Aðallhugsun frv. er sú, að Reykjavíkurbær, sem á hálf vatnsréttindin í þessu fallvatni, byrji á virkjuninni og haldi henni áfram þar til fallvatnið er virkjað að hálfu, en selji raforku til nærliggjandi héraða með kostnaðarverði, að viðbættri lítilli þóknun. Er þetta mikið hagræði fyrir héruðin, að þurfa ekki að leggja fram fé til virkjunar meðan raforkunotkun þeirra er lítil, svo að erfitt yrði að fá sjálfstæða virkjun til að svara kostnaði. Þegar raforkunotkunin í heild er komin upp í helming virkjunar, er gert ráð fyrir, að notendur raforku í héruðunum utan Reykjavíkur haldi áfram stækkun orkuversins og verði meðeigendur þess, og njóti þannig þeirra hagsmuna, sem liggja í því að verða eigandi orkuvers þegar raforkunotkun er orðin mikil. Kemur sá hagnaður sérstaklega fram í því, að orkuverið heldur áfram að vera starfhæft eftir að byggingarkostnaður er afskrifaður eða byggingarlán greidd, og getur raforkan þá lækka-

að í verði eða rekstur orkuversins gefið tekjuafgang til aukningar á taugakerfinu.

Með því að virkjun Reykjavíkurbæjar skapar þarna aðstöðu fyrir stóran og fjölmennan landshluta til þess að byrja á að koma upp raforkuveitum til almenningsþarfa, þykir rétt að ríkið láti Reykjavíkurbæ í té aðstoð til virkjunarinnar með vegagerðum og með ábyrgð fyrir virkjunarláni, svo sem ráðgert er í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að leggja nýjan veg suður með Þingvallavatni að austanverðu að virkjunarstaðnum. Hefir vegamálastjóri lauslega áætlað kostnað vegarins 230 þús. kr. Vegur þessi verður alfaravegur og gerir því frumvarpið, samkvæmt tillögum vegamálastjóra, ráð fyrir, að aðeins helmingur kostnaðarins komi á Sogsvirkjunina, eða 115 þús. krónur. Ennfremur er aukið viðhald Þingvallavegarins og styrking á brúm, allt beinlínis vegna Sogsvirkjunarinnar, áætlað af vegamálastjóra á 25 þús. krónur.

Um 4. gr.

Áætlun rafmagnsveitu Reykjavíkur um virkjun Sogsins nam 6 milljónum króna. Tilboð þau, sem fengizt hafa í verkið, voru nokkru hærri, og þar sem auk þess má gera ráð fyrir, að afföll kunni að verða á láni til virkjunarinnar, þykir eigi fært að tiltaka uppbæð þá, sem ábyrgjast þarf, lægri en 7 millj. krónur, enda gerir frumvarpið ráð fyrir því, að hér sé aðeins um hámarksupphæð að ræða.

Að öðru leyti skýrir frumvarpið sig sjálfst.

Til viðbótar þessu vilja flm. aðeins taka það fram, að þeir eru reiðubúnir til samkomulags um það, að inn í frv. verði tekin ákvæði, er tryggi það, að unnt verði samtímis virkjuninni að koma upp háspennulínunum til þeirra staða á Suðvesturlandi, sem eftir rannsóknnum millipinganevndarinnar hafa aðstöðu til þess að nota sér raforkuna án beinna framlaga úr ríkissjóði.